

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hringbraut, færsla.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 13. desember 2012, breytingu á deiliskipulagi vegna færslu Hringbrautar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Jökulgrunn 18-28 og 25-29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 22. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulaginu Laugarás-Hrafnista, vegna lóðanna við Jökulgrunn 18-28 og 25-29. Í breytingunni felst að byggja sólstofur á austurhlið húsanna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. mars 2013.

Björn Axelsson.